

Starfsmannafélag Kópavogs

Eftirfarandi eru sérákvæði viðkomandi stéttarfélags við kjarasamning Launanevndar sveitarfélaga og Samflots frá 29. maí 2005

1. Vaktavinnustarfsmenn

Þeir vaktavinnustarfsmenn sem voru í starfi hjá Kópavogsbæ 9. apríl 2001 skulu halda óbreyttri álagsprósentu (38%) mánudaga til fimmtudaga á tímanum 17:00 til 24:00 á meðan þeir starfs hjá Kópavogsbæ. Sama gildir varðandi bakvaktarálag.

2. Persónuuppbót

Persónuuppbót skv. Grein 1.7.1 skal vera 50% hjá þeim félagsmönnum SfK sem ráðnir voru fyrir 1. júlí 2005 og voru þá að störfum.

3. Vinnutímastytting

Þeir starfsmenn sem hafa starfað hjá Kópavogsbæ í 10 ár eða lengur geta fengið styttingu á vinnuskyldu sinni án skerðingar launa, 10% miðað við 60 ára aldur í 90% af fullu starfi og aftur 10% við 65 ára aldur í 80% af fullu starfi.

Þessi grein féll úr gildi 1. júlí 1999 með sólarlagsákvæðum fyrir þá sem þá voru komnir á vinnutímastyttingu.

4. Föst yfirvinna húsvarða

Húsverðir fá greidda fasta yfirvinnu 42 tíma á mánuði vegna óreglulegs vinnutíma.

Ákvæði þetta fellur niður þegar yfirstandandi endurskipulagningu vinnufyrirkomulags er lokið.

5. Aukagreiðslur til starfsfólks gæsluvalla

Starfsfólk gæsluvalla fær greiddar 90 mínútur á dag fyrir kaffitíma, biðtíma og þrif.

Ákvæði þetta fellur niður þegar yfirstandandi endurskipulagningu starfseminnar er lokið.

6. Viðauki vegna réttinda og skyldna

Um réttarstöðu þeirra starfsmanna, sem ákvæði 5.gr. fyrri reglugerða náðu til (hafa æviráðningu), skal farið eftir áður gildandi reglum varðandi rétt til uppsagnar, 2.grein.

Sérákvæðaskjal þetta með 6 greinum er hluti af kjarasamningi Launaneftndar sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga frá 29. maí 2005, sbr. munnlegt samkomulag aðila við undirritun samkomulags Launaneftndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Kópavogs um nýjan kjarasamning þ. 1. júlí 2005.

Reykjavík, 20. september 2005

F.h. Launaneftndar sveitarfélaga
Starfsmannafélags Kópavogs

F.h.

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson(sign)
Jófríður H.Sigfúsdóttir (sign)

Karl Björnsson (sign)
Sigurðardóttir (sign)

Aldís

Þorsteinn Einarsson (sign)
Jóhanna Egilsdóttir (sign)